

Stjórnarfundur þriðjudaginn 2. september 2014 kl. 16.30 á heimili Jóhönnu Bjarkar.

Mættir: Stjórnarmeðlimir: Jóhanna Björk, Hulda Sif, Sigurbjörg Gylfa og Sigurbjörg Eðvalds.

Dagskrá:

1. Starfið á komandi vetri.
2. Fundur CEO í byrjun nóvember.
3. Samstarfsfundur með norrænu félögunum í Finnlandi vorið 2015.
4. Umsóknir um styrki (KÍ og MMR).
5. Önnur mál.

1. Starfið í vetur: Ákveðið var að boða til fyrsta félagsfundar 10. október þar sem þarf að taka fyrir ýmis mál m.a. komu nýs sendiherra, frönskukeppnina í vor, tíðni félagsfunda, vinnufund/vinnudag með félagsmönnum í vetur, formennsku frönskukennara í STÍL á næsta ári og nýjan fulltrúa frönskukennara i stjórn STÍL.

2. Fundur CEO (Commission Europe de l'Ouest) verður á Möltu í nóvember. Ákveðið var að Jóhanna myndi fara sem fulltrúi okkar á þennan fund og að hún myndi sækja um nauðsynlega styrki til fararinnar hjá KÍ og SEF.

3. Norræn félög frönskukennara hyggjast halda sameiginlegan fund í Finnlandi í vor og kemur sú hugmynd frá finnska félaginu. Þegar hefur fengist styrkur fyrir þessum fundi en ekki er enn vitað hvort sá styrkur mun nægja fyrir öllum ferða- og upphaldskostnaði eða einungis fyrir hluta hans. Ákveðið var að Jóhanna myndi fá nánari upplýsingar um það hvernig þau fjármál standa. Dagsetningarnar sem um ræðir eru annaðhvort 26.-29. mars eða 9.-12. apríl. Hvert félag mun senda tvo fulltrúa á fundinn. Ákveða þarf hverjir fara fyrir okkar hönd þegar kemst á hreint hvort þessi ferð er fjárhagslega möguleg.

4. Ákveðið var að Jóhanna myndi sjá um að senda inn umsóknir um árlega styrki til félagsins frá MMR og KÍ.

5. Önnur mál:

- Fjármálin: Sigurbjörg gjaldkeri fór yfir fjármálin. Staðan á reikningi félagsins 2. september 2014 var 11.000 kr. Félagið getur gert sér vonir um árlegan 150.000 kr. styrk frá MMR. Einnig á eftir að innheimta félagsgjöld fyrir þetta ár. Ákveðið var að Sigurbjörg myndi senda út rukkanir vegna félagsgjalda (3500 kr. á mann) hið fyrsta.

- Kveðjugjöf til fráfarandi sendiherrahjóna M. et Mme Bouteiller. Ákveðið var að afhenda þeim litla gjöf frá félaginu (nokkra myndir frá starfi sendiherrans með frönskukennurum og frönskunemendum í fallegum ramma) við fyrsta tækifæri.

Fundi slitið kl. 18.00.